

greiði 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 29. sept. 1920.

Nr. 9/1920.

**Hreppsnefnd Reyðar-
fjarðarhrepps**

gegn

Valdimar Sigurðssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður. — Áfrýjandi, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 20. okt. 1920.

Nr. 4/1920.

H.f. Ísbjörninn

(Eggert Claessen)

gegn

**Skiftaráðandanum í Barðastrand-
arsýslu f. h. þrotabús M. Olsen,**

Ólafi Jóhannessyni o. fl.

(Pjetur Magnússon),

um rifting kaupna á skipi, er reyndist minna en upp var gefið.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 22. jan. 1919: Skaðabótakrafa h/f. „Ísbjörninn“

í Reykjavík, að upphæð kr. 1690,31, auk 6% vaxta frá 5. nóv. 1917, í þrotabú M. Ólsen, Patreksfirði, vegna sölu á fiskiskipinu „Express“, B. A. 129, verður ekki tekin til greina við endanleg skifti á nefndu þrotabúi.

Dómur landsyfirrjettarins 22. des. 1919: Skiftarrjettarúrskurðinum skal óraskað. Áfrýjendur, stjórnendur hlutafjelagsins Ísbjörninn, greiði stefnda, skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu, fyrir hönd þrotabús M. Ólsen 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar sju 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstarjettar.

Að fengnu leyfi hafa ný sakargögn verið lögð fram í hæstarjetti í máli þessu, þar á meðal skrásetningarskjöl og mælingarbrjef um fyrri og síðari mælingar skipsins

Í þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, sem skrásetningar- og mælingarskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir gefið út 23. sept. 1904, meðan skipið átti heima í Færeyjum, var það talið 31.87 smálestir brúttó, og er þess getið í skirteininu að rúmmál þess sje fundið með mælingu eftir reglu II, en rúmmál skipa, sem ákveðið er eftir þeirri reglu, verður að teljast ónákvæmt, enda sú mælingaraðferð að eins ætluð til bráðabirgða, sbr. tilskipun 25. júní 1869 um mælingu skipa, 5. og 10. gr.

Eftir að skipið kom hingað til landsins var það mælt hér eftir reglu I, þ. e. hinni fullkomnari mælingarreglu, og reyndist það þá 23.16 smál. brúttó, er síðar var leiðrjett í 25,05 smálestir. Var skipið skrásett hjer á landi að stærð 23.16 smál. brúttó og því fengið mælingarbrjef og fiskiveiðaskirteini samkvæmt þeirri mælingu, og fylgdu þessi skjöl skipinu er það var auglýst til sölu, en stærðar þessarar var ekki getið í auglýsingunni, heldur hinnar, sem fundin var

með mælingarreglu II, án þess þó að þess væri getið í auglýsingunni eftir hvaða reglu mælingin væri fundin. — Loks var skipið mælt á ný skömmu eftir að salan til áfrýjanda átti sér stað og framkvæmdi þá mælingu, er fram fór eftir hinni fullkomnari mælingarreglu, maður sá, sem nú hefir verið kjörinn til þess af ríkisstjórninni, að hafa á hendi mælingar skipa og endurskoðun skipamælinga til skrásetningar. Við þá mælingu, sem sami maður hefir endurskoðað 8. maí þ. á., eftir að lög nr. 70, 28. nóv. 1919 um skrásetningu skipa öðluðust gildi, reyndist rúmmál skipsins 25,66 smál. brúttó. Verður að álíta mælingu þessa fulla sönnun þess að rúmmál skipsins, sem ætla má að eigi hafi verið breytt, hafi eigi verið meira en þetta, þegar það var selt áfrýjanda.

Þar sem nú skipið reyndist svo miklum mun minna, en áfrýjandi mátti ætla að það væri eftir því, sem seljandi hafði auglýst áður en salan fór fram, gat áfrýjandi eftir atvikum krafist þess að kaupin gengju aftur; en er stefndi fyrir hönd protabúsins neitaði að verða við þeirri kröfu, seldi áfrýjandi skipið fyrir 6000 kr., en verð það, sem hann keypti skipið á var 6900 kr. Hefir hann því gert kröfu til að fá mismuninn, 900 kr., greiddan úr protabúi seljanda. Þessi krafa verður þó ekki tekin til greina, með því að sala áfrýjanda á skipinu, utan uppboðs og áu þess að stefnda væri gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, getur eigi talist forsvaranleg ráðstöfun af hendi áfrýjanda, og er eigi gegn neitun stefnda sönnun um sannvirði skipsins. Hinsvegar verður, með skirskotun til málfærslunnar að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu kostnaðar þess, er hann hafði af kaupunum, 790 kr. 31 eyri,

samkvæmt sundurliðuðum reikningi hans, sem ekki hefir verið vefengdur.

Af þessum ástæðum ber að fella yfirjettardóm-inn og þar með skiftarjettarúrskurðinn 22. jan. 1919 úr gildi og skylda skiftaráðanda til þess að taka til greina við lokaskifti á búinu kröfu áfrýjanda með 790 kr. 31 eyri auk 6% vaxta frá 5. nóv. 1917.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda upp í málskostnað fyrir hæstarjetti 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði landsyfirrjettardómur og þar með skiftarjettarúrskurðurinn skal úr gildi feldur. Kröfu áfrýjanda, h/f. Ísbjörninn, ber að taka til greina við skifti á þrotabúi M. Ólsen með 790 kr. 31 eyri auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá 5. nóv. 1917.

Stefndi, skiftaráðandinn í Barðastrandarsýslu fyrir hönd þrotabús M. Ólsen, greiði áfrýjanda 150 króna málskostnað fyrir hæstaretti.

Forsendur dóms landsyfirrjettarins eru prentaðir í dómasafni yfirdómsins árið 1919 bls. 875—79.
